

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 09:09, var haldinn 115. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Páll Hjaltason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ólafur Bjarnason, og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Petta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Ártúnsholt, hjóla- og göngustígar** Mál nr. US150179

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 7. ágúst 2015 varðandi legu hjóla- og göngustíga í Ártúnsholti.
Samþykkt að kynna tillögu að legu hjóla- og göngustíga fyrir hverfisráði Árbæjar og íbúum í nágrenni við stíginn.

Stefán Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Ártúnsholt, endurnýjun á Reykjaæðum (USK2015080006)** Mál nr. US150169

Lagt fram bréf Orkuveitu Reykjavíkur dags. 23. febrúar 2015 varðandi endurnýjun á Reykjaæðum um Ártúnsholt.
Frestað.

Stefán Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Ártúnshöfði, stöðubönn** Mál nr. US150177
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 14. ágúst 2015 varðandi stöðubönn á Ártúnshöfða. Lagt er til að sett verði stöðubann við norðurkant eftirfarandi gatna, Funahöfða 9-15, Hyrjarhöfða, Smiðshöfða 7-17, Vagnhöfða 9-21 og Tangarhöfða.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra Höfuðborgarsvæðisins.

Stefán Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Elliðaárvogur, landfylling** Mál nr. US150097

Lögð fram drög að tillögu umverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 1. apríl 2015 að matsáætlunar vegna landfyllingar í Elliðaárvogi. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 4. ágúst 2015.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 4. ágúst 2015 samþykkt.

(A) Skipulagsmál

5. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 14. ágúst 2015.

Áslaug María Friðriksdóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:30

6. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN150465
lagfæringar á þéttbýliskorti, verklýsing
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram verkefnislýsing aðalskipulagsbreytingar vegna lagfæringar á þéttbýliskorti 1:20.000, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða lagfæringar á skilgreiningum landnotkunar, sem af tæknilegum ástæðum eða fyrir mistök voru ranglega skráð/afmörkuð í kortagrunni aðalskipulagsins.

Samþykkt sem óveruleg breyting á aðalskipulagi, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Aðalskipulag 2010-2030, Nauthólsvegur- (01.7) Mál nr. SN150464**
Flugvallarvegur, breyting á aðalskipulagi
Reykjavíkur 2010-2030, verklýsing
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram verkefnislýsing aðalskipulagsbreytingar vegna Nauthólsvegar-Flugvallarvegar, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin gengur út á breytta landnotkun svæðis suðvestan gatnamóta Nauthólsvegar og Flugvallarvegar.

Verklýsing samþykkt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Aðalskipulag 2010-2030, reitur 1.154.3, (01.154.3) Mál nr. SN150391**
Barónsreitir, breyting á aðalskipulagi
Reykjavíkur

Lögð fram verklýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 vegna Barónsreits, dags. ágúst 2015. Breytingin gengur út á stefnu um hæðir húsa og fjölda íbúða á reitnum. Einnig lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 23. júlí 2015.

Verklýsing samþykkt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknarflokks og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri og Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Háskólinn í Reykjavík, breyting á (01.751) Mál nr. SN150214**
deiliskipulagi
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík í samræmi við

niðurstöðu hugmyndasamkeppni um deiliskipulag Háskólans í Reykjavík, Háskólagarða. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar dags. 16. apríl 2015 og uppdættir dags. 16. apríl 2015, uppfærðir 14. maí 2015. Auglýsing stóð yfir frá 5. júní 2015 til og með 17. júlí 2015. Tillagan var auglýst frá 5. júní til og með 17. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Birkir Ingibjartsson dags. 17. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júlí 2015.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. júlí 2015.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Hólavað 29-43, breyting á deiliskipulagi** (04.741.3) Mál nr. SN150223
710178-0119 Teiknistofan Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
570504-2070 BARRETT Holding ehf., Hörðukór 5, 203 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Barrett Holding ehf. dags. 21. apríl 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 29-43 við Hólavað. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og hækkun á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Arkitektar ehf. dags. 02. júní 2015. Einnig er lagt fram bréf Teiknistofunnar Arkitektar ehf. dags. 21. apríl 2015 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2015. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. júní 2015 til og með 9. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigþór Sverrisson dags. 8. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2015.

Samþykkt með vísan til 2. mgr. 12. gr. samþykktar um umhverfis- og skipulagsráð og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2015.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Úlfarsárdalur, breyting á deiliskipulagi** (02.6) Mál nr. SN150212

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi útivistasvæðis í Úlfarsárdal. Í breytingunni felst breyting á afmörkun deiliskipulags, fyrirkomulagi bygginga, lóða og bílastæða, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti ásamt skýringaruppdrætti Landmótunar sf. dags. 8. apríl 2015. Tillagan var auglýst frá 29. maí til og með 10. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Freyr Gústafsson dags. 12. júní 2015, íbúar að Gerðarbrunni 28 dags. 30. júní 2015, Knattspyrnufélagið Fram dags. 7. júlí 2015, Hrafn Ómar Gylfason, Þórdís Örlygsdóttir, Gylfi Már Jónsson, Sigrún Hrafnadóttir dags. 8. júlí 2015, Kristján Steinarsson, Bergþóra L. Húnadóttir, Steinar T. Karlsson og Björk Magnúsdóttir íbúar að Gerðarbrunni 20-22 dags. 9. júlí 2015 ásamt fylgigögnum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2015.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. ágúst 2015.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Úlfarsárdalur, hverfi 4, breyting á afmörkun deiliskipulags** (02.6) Mál nr. SN150263

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á afmörkun deiliskipulags Úlfarsárdals fyrir hverfi 4. Í breytingunni felst að lóðir nr. 118-120 og 122-124 ásamt 124A við Úlfarsárbraut, sem eru innan marka deiliskipulags hverfis 4 koma til með að tilheyra deiliskipulagi útivistasvæðisins í Úlfarsárdal. Samtímis er samliggjandi mörkun deiliskipulags útivistasvæðisins breytt þannig að áður nefndar lóðir falla undir það deiliskipulag, samkvæmt uppdr. Björn

Ólafs ark. og VA arkitekta ehf. dags. 7. maí 2015. Tillagan var auglýst frá 29. maí til og með 10. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Magnús Birgisson dags. 11. júní 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2015.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2015.
Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

13. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 838 frá 18. ágúst 2015.

14. **Baldursgata 16, Íbúð - 3.hæð** (01.186.202) Mál nr. BN049354
680289-1079 Bú ehf., Baldursgötu 14, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2015 þar sem sótt er um leyfi leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi íbúðar 0301 og byggja svalir á suðurhlíð (bakhlið) þakhæðar, einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir og stiga ofan í garð frá íbúð á 1. hæð fjölbýlishússins á lóðinni nr. 16 við Baldursgötu. Erindi var grenndarkynnt frá 25. júní til 23. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hafsteinn Helgason dags. 19. júlí 2015, Óli Þór Barðdal og M. Agnes Jónsdóttir dags. 23. júlí 2015 og Kolbrún Björnsdóttir dags. 23. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júlí 2015.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júlí 2015 samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Hjálmar Sveinsson vísar af fundi undir þessum lið.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Sjafnargata 3, Viðbygging** (01.196.012) Mál nr. BN049121
190569-5519 Aðalheiður Magnúsdóttir, Sjafnargata 3, 101 Reykjavík
130966-5279 Sigurbjörn Þorkelsson, Bretland,

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2015 þar sem sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu norðan megin þannig að bílskúr er rifinn og útbúin er vinnustofa sem verður tengd kjallara hússins á lóð nr. 3 við Sjafnargötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur Rögnu Kristjánsdóttur dags. 5. júní 2015 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti vegna yfirstandandi grenndarkynningar. Jafnframt er lagt fram bréf Óskars Jónssonar dags. 10. maí 2015 þar sem tekið er jákvætt í nýjar framkvæmdir. Erindi var grenndarkynnt frá 11. maí til og með 15. júní 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Samtök íbúa við Sjafnargötu og Freyjugötu, samtals 29 aðilar mótt. 15. júní 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2015.
Bréf frá hönnuði dags. 24. mars 2015 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 23. mars 2015 fylgja erindinu. Niðurrif bílskúrs er: 18,2 ferm., 45,5 rúmm. Stærð viðbyggingar er: 54,5 ferm., 179,7 rúmm. Gjald kr. 9.823
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2015 samþykkt.
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Skólavörðustígur 21A, Stækka veitingastað** (01.182.245) Mál nr. BN049379
og gistiheimili
600701-2150 Thailenska eldhúsið ehf., Suðurhrauni 2, 210 Garðabær

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2015 þar sem sótt er um leyfi til að dýpka kjallara að hluta, stækka svalir á 2. og 3. hæð og gera nýjar svalir í þaki og innréttu veitingahús í flokki II fyrir 90 gesti á 1. og 2. hæð og gistiheimili í flokki II teg. íbúðir fyrir 38 gesti á 2. 3. og 4. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 21A við Skólavörðustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 22. maí til og með 1. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jónína H. Hafliðadóttir, Jón Heiðar Andrésson og Erla S. Hafliðadóttir, íbúðareigendur að Njálsgötu 2, dags. 25. júní 2015, Kristín Þ. G. Jónsdóttir, Jónína H. Hafliðadóttir, Hrönn I. Hafliðadóttir og Erla S. Hafliðadóttir, eigendur að Njálsgötu 1, dags. 16. júní 2015, Sigurður Árnason, dags. 11. júní 2015, Vilhjálmur Rist dags. 17. júní 2015, Hafdís Helgadóttir, Björgvin Andersen, Kristín Ólafsdóttir, Gestur Guðmundsson og Fjóla Magnúsdóttir dags. 17. júní 2015, Jane Victoria Appelton, dags. 18. júní 2015, Már Kristjánsson og Halla Ásgeirsdóttir dags. 18. júní 2015, Jóhann Gunnar Jónsson og Ebba Herbertsdóttir dags. 19. júní 2015, Daði Sverrisson dags. 19. júní 2015, Steinunn Guðmundsdóttir dags. 19. júní 2015 og Kristín Finnsdóttir og Hilmar Einarsson f.h. Íbúa að Njálsgötu 2, Klapparstíg 44, Skólavörðustíg 22, Skólavörðustíg 21 og Týsgötu 1 dags. 18. júní 2015 þar sem einnig er óskað eftir framlengingu á athugasemdarfresti, Kristín Þ. G. Jónsdóttir, Hrönn I Hafliðadóttir, Erla S. Hafliðadóttir og Jónína H. Hafliðadóttir dags. 19. júní 2015, Kristín Finnsdóttir og Hilmar Einarsson, dags. 24. júní 2015.

Frestað.

Áslaug María Friðriksdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Njörvasund 10, Mænisþak bílskúrs og** (01.411.501) Mál nr. BN049418
sólpallur
110661-2159 Margrét Herdís Einarisdóttir, Njörvasund 10, 104 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. maí 2015 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og byggja mænisþak á bílskúr sbr. fyrirspurn. BN048950 dags. 17.3. 2015 og samanber leiðbeiningar í jákvæðri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4.3. 2015, sömuleiðis til að byggja verönd með skjólveggjum og heitum potti með öryggisloki á lóð nr. 10 við Njörvasund. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. júní 2015 til og með 3. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jens Fylkisson og Haukur Jensson dags. 7. júní 2015. Einnig er lagt fram samþykki 17 hagsmunaaðila mótt. 18. júní 2015 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2015.

Meðfylgjandi er samþykki meðeiganda dags. 12.5. 2015 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4.3. 2015. Stækkun 22,5 rúmm., flatarmál óbreytt. Gjald kr. 9.823

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2015 samþykkt.

Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Valný Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Frikirkjuvegur 11, Breytingar úti og inni,** (01.183.413) Mál nr. BN049604
breytt notkun
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innréttu veitinga- og ráðstefnusal fyrir 160 gesti þar sem sótt verður um tækifærisleyfi fyrir hvern viðburð í kjallara og á 1. hæð, lækkuð verður

gólfplata í hliðarsal, taka niður svið í sal í sömu hæð og gólfplatan, koma fyrir salernum, koma fyrir matarlyftu/þjónustulyftu við eldhús og fólkslyftu frá kjallara upp á 1. hæð ásamt öðrum breytingum sem nefndar eru í byggingalýsingu á teikningu og sótt er um leyfi til að innréttuð verður íbúð á 2. hæð og í risi, fjarlægður verður stigi á milli 1. og 2 hæðar og hann geymdur, breyta núverandi útitröppum við suðurgafli, koma fyrir lyftu vegna aðkomu hreyfihamlaða og fjölga þakgluggum á austanverðu úr 2 í 6 stykki í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg. Bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2015 og aftur 15. júlí 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. júní 2015, bréf frá Forsætisráðuneytinu dags. 12 maí 2015 og Greinargerð hönnuðarstjóra dags. 16. júní 2015 fylgir erindinu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags.. 9. júlí 2015 fylgir erindinu.
Frestað.

Nikulás Úlfar Másson byggingarfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið

(C) Fyrirspurnir

19. **Engjateigur 7, (fsp) nýr byggingarreitur,** (01.366.5) Mál nr. SN150255
fækkun bílastæða o.fl.
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
540671-0959 Iceland Construction hf., Bugðuflióti 19, 270 Mosfellsbær

Á fundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2015 var lögð fram fyrirspurn Ístaks hf. dags. 5. maí 2015 um að afmarka nýjan byggingarreit fyrir hliðhús syðst á lóðinni nr. 7 við Engjateig, girða lóðina af, færa innkeyrslu, fækka bílastæðum o.fl., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 5. maí 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís arkitekta ehf. dags. 5. maí 2015.
Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. **Laugavegur 18B, (fsp) breyting á notkun** (01.171.5) Mál nr. SN150443
jarðhæðar
480411-2340 Around Iceland ehf., Laugavegi 18b, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Around Iceland ehf., dags. 4. ágúst 2015 varðandi breytingu á notkun jarðhæðar að Laugavegi 18b.
Frestað.

Valný Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

21. **Víðimelur 35, málskot** (01.540.1) Mál nr. SN150418
630210-1510 Tiris ehf., Neðstabergi 7, 111 Reykjavík

Lagt fram málskot Ómars Guðmundssonar f.h. Tiris ehf. dags. 21. júlí 2015 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 10. janúar 2014 á fyrirspurn um breytingu á iðnaðarhúsnæði á lóð nr. 35 við Víðimel í íbúðarhúsnæði.
Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 10. janúar 2014 staðfest staðfest með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og Páls Hjaltasonar og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs Gísla Garðarssonar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknarflokks og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir greiða atkvæði á móti afgreiðslunni

22. **Sumargötur 2015, framlenging á sumargötum yfir samgönguviku** Mál nr. US150168

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 10. ágúst 2015 varðandi leyfi til að sumargötur á Laugavegi, Skólavörðustíg og í Kvosinni verði framlengdar til 22. september 2015.
Samþykkt.

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna Klettaskóla,** Mál nr. US150171

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 12. ágúst lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Með hvaða hætti voru íbúar Suðurhlíða upplýstir um sprengingar á lóð Klettaskóla? Hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun um sprengingar sem lagt var upp með? Með hvaða hætti er reynt að lágmarka þau óþægindi sem hlotist hafa af sprengingum og jarðvegsframkvæmdum? Með hvaða hætti verður tjón á nærliggjandi íbúðarhúsum metið og bætt? Hefur verið komið á samráðsvettvangi borgar, skóla, framkvæmdaaðila og íbúa? Óskað er eftir því að svör verði unnin svo hratt sem kostur er og send í tölvupóstum til ráðsmanna. Þau verði svo lögð fram formlega á næsta fundi ráðsins." Fyrirspurnin lögð fram að nýju ásamt svari umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds dags. 17. ágúst 2015.

24. **Betri Reykjavík, sópa hjólastíga áður en alvarleg slys hljóttast af (USK2015070054)** Mál nr. US150173
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Sópa hjólastíga áður en alvarleg slys hljóttast af“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var fjórða efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

25. **Betri Reykjavík, kaupa snjósópara fyrir gangstéttir og hjólastíga (USK2015070051)** Mál nr. US150176
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Kaupa snjósópara fyrir gangstéttir og hjólastíga“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var efsta hugmynd júlímánaðar 2015 á samráðsvefnum og kemur úr flokknum samgöngur.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

26. **Betri Reykjavík, gera Laugavegin að vistgötu (USK2015070053)** Mál nr. US150174
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Gera Laugavegin að vistgötu“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var þriðja efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr flokknum Umhverfismál.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.

27. **Betri Reykjavík, rólur fyrir ung börn** Mál nr. US150175
(USK2015070052)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „rólur fyrir ung börn“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var önnur efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efsta hugmyndin í málaflokknum Umhverfismál.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.
28. **Betri Reykjavík, borgin grípi inn í lóðir þar** Mál nr. US150122
sem byggingar hafa tafist (USK2015040066)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd aprílmánaðar úr flokknum skipulagsmál "borgin grípi inn í lóðir þar sem byggingar hafa tafist" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.
29. **Betri Reykjavík, Reynislundur -** Mál nr. US140230
útivistarperla - Grafarholt (US2014120007)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd nóvembermánaðar úr flokknum ýmislegt "Reynislundur - útivistarperla - Grafarholt" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 28. nóvember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.
30. **Betri Reykjavík, útigrill í Laugardalinn** Mál nr. US140206
(USK2014110038)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd októbermánaðar úr flokknum frístundir og útivist "útigrill í Laugardalinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 7. nóvember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 24. júní 2015.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 24. júní 2015 samþykkt.
31. **Betri Reykjavík, koma upp mjúku undirlag** Mál nr. US140220
á hluta skólalóða (US2014110064)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags 19. nóvember 2014 ásamt efstu hugmynd októbermánaðar úr flokknum menntamál "koma upp mjúku undirlag á hluta skólalóða" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 7. nóvember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmdir og viðhald, dags. 5. júní 2015.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 5. júní 2015 samþykkt.
32. **Betri Reykjavík, Háaleitisskóli Reykjavík -** Mál nr. US150037
MJÖG slæmt ástand beggja skólalóða
Háaleitisskóla (USK2015020015)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd janúarmánaðar úr flokknum framkvæmdir "Háaleitisskóli Reykjavík - MJÖG slæmt ástand beggja skólalóða Háaleitisskóla" sem tekið var af

samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. febrúar 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 18. ágúst 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 18. ágúst 2015 samþykkt.

33. **Betri Reykjavík, fjölga bekkjum í borginni** Mál nr. US150056
(USK2015020074)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram önnur efsta hugmynd febrúarmánaðar úr flokknum umhverfismál "fjölga bekkjum í borginni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 27. febrúar 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí samþykkt.

34. **Betri Reykjavík, fjarlægja/færa staura frá Heilsustígum ehf. frá sleðabrekku** Mál nr. US150061
(USK2015020079)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd febrúarmánaðar úr flokknum framkvæmdir "fjarlægja/færa staura frá Heilsustígum ehf. frá sleðabrekku" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 27. febrúar 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí 2015 samþykkt.

35. **Betri Reykjavík, leikvöll í Laugardalinn** Mál nr. US150065
(USK2015010003)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd desembermánaðar úr flokknum ýmislegt "leikvöll í Laugardalinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. desember 2014 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 14. júlí 2015 samþykkt.

36. **Betri Reykjavík, bæta við strætóferðum svo nemendur í HR og HÍ komist í skóla** Mál nr. US150143
(USK2015060009)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fjórða efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum samgöngur "bæta við strætóferðum svo nemendur í HR og HÍ komist í skóla" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 5. júní 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 5. júní 2015 samþykkt.

37. **Betri Reykjavík, setja hringtorg á gatnamót Hraunbæ og Bæjarbraut** Mál nr. US150158
(USK2015060079)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Setja hringtorg á gatnamót Hraunbæ og Bæjarbraut“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. júní 2015. Erindið var þriðja efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 17. ágúst 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 17. ágúst 2015 samþykkt.

38. **Betri Reykjavík, nýta hluta breiðra gangstétta sem hjólastíga (USK2015060084)** Mál nr. US150160
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Nýta hluta breiðra gangstétta sem hjólastíga þar sem við á.“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. júní 2015. Erindið var fimmta efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 17. ágúst 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 17. ágúst 2015 samþykkt.

39. **Guðrúnartún 1, kæra 65/2015** (01.216.2) Mál nr. SN150466
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. ágúst 2015 ásamt kærðu þar sem kærð er synjun um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún.

Vísad til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

40. **Njálsgata 78, kæra 58/2015, umsögn** (01.191.1) Mál nr. SN150462
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 10. ágúst 2015 ásamt kærðu þar sem kært er byggingarleyfi fyrir fasteignina á lóð nr. 78 við Njálsgötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 12. ágúst 2015.

**Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 14:35**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson _____

Magnea Guðmundsdóttir _____

Páll _____

Gísli Garðarsson _____

Júlíus Vífill Ingvarsson _____

Áslaug María Friðriksdóttir _____

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir _____ -

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 18. ágúst kl. 10:13 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 838. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- 1. Arnarholt 221217** (32.161.101) 221217 Mál nr. BN048436
540169-3229 Fylkir ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta 14 einstaklingsherbergjum í starfsmannahúsi í sjö íbúðir í mhl. 04, en fyrir eru fjórar íbúðir þannig að byggingin verður fjölbýlishús með 11 íbúðum, mhl. 04, einnig er sótt um að byggja sorpgerði og hjóla- og vagnageymslu, mhl. 10 og mhl. 11, við fjölbýlishúsið á Arnarholti með landnúmer 221217.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. febrúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. febrúar 2015.
Mhl. 11: 20,3 ferm., 52,8 rúmm.
Mhl. 10: 20,3 ferm., 52,8 rúmm.
Gjald kr. 9.500
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- 2. Austurv Thorvaldsens** (01.140.418) 100859 Mál nr. BN049495
590315-0520 NS Holding ehf., Vesturbrún 16, 104 Reykjavík
610593-2919 Lindarvatn ehf., Fossaleyni 21, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi í veitingasal á efri hæð og í tónlistar/dansstað sem báðir verða í flokki III fyrir samtals 400 gesti í húsi á lóð nr. 2 við Thorvaldsenstræti.
Meðfylgjandi er brunahönnun Eflu dags. 18. júní 2015, hljóðvistarskýrsla Eflu dags. ágúst 2015, minnisblað hönnuðar um staðsetningu sorpílata dags. 13. ágúst 2015 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. júlí 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- 3. Árleynir 22** (02.920.001) 109210 Mál nr. BN049819
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja anddyri við aðalinngang undir núverandi steipt skyggni og að auki er komið með áður gerðar breytingar af Landbúnaðarskóla Íslands í húsinu á lóð nr. 22 við Árleyni.
Stækkun: 12,2 ferm. XX rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- 4. Ármúli 12** (01.290.201) 103755 Mál nr. BN049827
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta svölum á 1. og 2. hæð skrifstofuálmum mhl. 03 í fundarherbergi og setja upp færanlegt svið í fjölnotasal í kjallara í Ármúlaskóla á lóð nr. 12 við Ármúla.

Stækkun með breytingu á B rými í A rými er: 25,6 ferm., 94,7 rúmm.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.

5. **Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr. BN049537
621012-0100 F3 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
510711-1300 Hallarmúli ehf., Hallarmúla 1, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta húsnæði úr verslun og þjónustu í hótél í flokki II, tegund b, og breyta gluggum að hluta í norðurálmum húss, mhl. 1, á lóð nr. 5 við Ármúla.
Meðfylgjandi er fyrirspurn BN047973 sem fékk jákvæða umfjöllun 29. júlí 2015 og samþykki frá tveimur meðeigendum dags. 18. maí 2015.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
6. **Bárugata 30** (01.135.219) 100468 Mál nr. BN048813
071274-5439 María Elísabet Pallé, Bárugata 30, 101 Reykjavík
300675-3799 Ásgeir Westergren, Bárugata 30, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná og klæða með bárujárn einbýlishús á lóð nr. 30 við Bárugötu.
Erindi var grenndarkynnt frá 12. maí til og með 9. júní 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Gunnar S. húseigandi dags. 14. maí 2015, Hildur S. Pálsdóttir f.h. húseigenda að Stýrimannastíg 6 dags. 7. júní 2015, Friðleifur Egill Guðmundsson f.h. Black sheep ehf dags. 8. júní 2015, Ingvi Óttarsson og Dagrún Hálfánardóttir dags. 8. júní 2015 og Gunnar Gunnarsson og Valva Árnadóttir dags. 8. júní 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2015.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. febrúar 2015 og fsp. BN048834 dags. 17. febrúar 2015..
Stækkun: 134 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2015.
7. **Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr. BN049832
650705-0410 Gamma ehf, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga innanhúss, setja stiga milli 1. hæðar og kjallara og koma fyrir starfsmannaáðstöðu í kjallara húss á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN049640
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
240162-4749 Pétur Guðmundsson, Brúnastaðir 63, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 6. og næstsíðasta áfanga bílakjallara á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Stærð þessa áfanga: 5.417 ferm. br. 23.953 rúmm. br.

Samtals eftir þennan áfanga: 28.698 ferm. br., 108.534 rúmm. br.

Fjöldi stæða í þessum áfanga 217.

Erindi fylgir skýrsla um brunahönnun frá Eflu dags. í júní 2015 og lýsing á nánari útfærslu á sorphirðu dags. 13. ágúst 2015.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Brautarholt 7** (01.242.004) 103029 Mál nr. BN049842

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir aðstöðusköpun og jarðvinnu á lóðinni nr. 7 við Brautarholt sbr. erindi BN049574.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

